

Aðalfundur Meiðs 2022, haldinn í Skógargerði í upphafi ættarmóts 16.7. kl. 11.00

Mættir hinir aðskiljanlegustu ættarmótsgestir.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram
3. Ákvörðun um félagsgjöld og leigugjald
4. Kosning skoðunarmanna reikninga
5. Breytingar á samþykktum félagsins
6. Framkvæmdir framundan
7. Önnur mál

Hermann Hermannsson setur fund og mótið og telur þetta níunda ættarmótið, það áttunda sem haldið er í Skógargerði og það fjórða sem Meiður heldur, sem er 22 ára á þessu ári. Fyrsta mótið væri þá það sem var þegar Dagný Pálsdóttir varð níræð 1975 og haldið á Rauðalæk. Næst verður haldið mót eftir þrjú ár. Hermann þakkar þeim systkinum, Gísla, Sigfúsi og Sólrúnu Víkingsbörnum fyrir margháttað framlag til ættarmóta og fá þau dunandi lófatak. Síðan er gengið til dagskrár, fundarstjóri er skipaður Baldur Pálsson og ritari Ragnhildur Rós Indriðadóttir.

1. Stjórn var kosin á aðalfundi 2020 og situr í 5 ár. Hana skipa:

Hermann Hermannsson formaður

Helgi Ómar Pálsson gjaldkeri

Marínó Stefánsson ritari

Björn Sveinsson og Nína Helgadóttir meðstjórnendur

Varamenn eru Björgheiður Margrét Helgadóttir, Þuríður Skarphéðinsdóttir og Þóruna Gró Friðjónsdóttir..

Frá síðasta aðalfundi hefur verið haldinn einn bókaður stjórnarfundur, auk nokkurra óformlegra.

Framkvæmdir á síðasta ári voru:

Ljósleiðari var lagður inn í hús, en hann verður ekki nothæfur fyrr en seint í haust.

Brunaviðvörðunarkerfi var endurnýjað. Nú er reyskynjari í öllum herbergjum og einnig eru nokkrir vatnsskynjarar. Kerfið er tengt við vaktstöð Securitas, Baldur Pálsson, Björn Sveinsson og Hlynur Bragason eru í viðbragðsstöðu ef vaktstöð sendir boð.

Vinnuhelgi var haldin núna í maí (sjá heimasíðu) og þá var settur langþráður þakkantur á austurgafli hússins og má segja að endurbyggingu þess hafi þar með lokið.

Þrifið var, snyrt og málað utanhúss sem innan.

Ný flaggstöng var sett upp og er hún gjöf frá Smára Hermannssyni ásamt fána og veifu.

Tenglar (10 amp) fyrir tjaldvagna voru settir upp á ættarflötinni og við snyrtiskúrinn.

Kantur hlaðinn og stétt lögð sunnan við hús, hvoru tveggja unnið af Baldri Pálssyni hleðslumeistara.

Framkvæmdir frá síðasta ættarmóti:

Steypt var utaná vesturvegginn. Var það mikil framkvæmd sem var unnin í ósérhlífðri sjálfboðavinnu margra ættingja. Fé til kaupa á efni var aflað með frjálsum framlögum félagsmanna sem skiluðu sér vel og dugðu fyrir útlögðum kostnaði ásamt því sem til var í sjóði. Húsið var málað að utan árið eftir.

Eldhús var algjörlega endurnýjað, ásamt nýttísku tækjum, og keypt var nýtt borðstofuborð og stólar. Nýtt gólfefni sett á Búrið, eldhús og borðstofu. Sett upp snyrting í anddyrinu. Leggja þurfti nýja frárennislögn utan húss, sem var tengd við lögn í plani austan við hús með brunni, þannig að auðvelt verður að fást við stíflur ef þær koma upp í framtíðinni.

Stétt lögð vestan við hús. Nýtt rúm (tvíbreitt) og koja eru nú í Búrinu.

Gamlar rúmdýnur endurnýjaðar. Þvottavél endurnýjuð og keyptur þurrkari.

Þetta var allt mögulegt vegna höfðinglegrar peningagjafar frá Dagnýju Pálsdóttur.

Brunabótamat og tryggingar vegna hússins hafa verið endurskoðaðar og upphæðir hækkaðar til samræmis við raunveruleg verðmæti húss og innbús.

Útleiga húss

Húsið var leigt út í 12 vikur og 6 helgar á árinu 2021, sem er algjört met, en því miður er útlit fyrir mun minni notkun í ár.

Ritnefnd

Ekki hefur gengið eftir að vekja upp ritnefnd eins og Indriði Gíslason hafði stungið uppá og hafði tilnefnt ritstjóra. Gaman væri ef þetta tækist og hægt verði að bæta við fróðleik á heimasíðuna. Hvað þarf að gera til að vekja upp áhuga á skrifum?

Árgjöld

Greiðsla árgjalda hefur farið batnandi, fyrir þennan fund hafa 103 greitt. Að meðaltali hafa 91 greitt þau s.l. 7 ár. 76 borga alltaf eða hafa misst úr eina eða tvær greiðslur, 163 hafa einhvern tímann borgað.

Sérstakar þakkir fá :

Dagný Pálsdóttir fyrir höfðinglegt fjárframlag og tiltektir.

Dagný Sigurðardóttir fyrir að sjá um útleigu hússins með tilheyrandi tiltektum.

Baldur Pálsson fyrir að sjá um slátt á lóðinni og umhirðu tækja.

Gísli Víkingsson fyrir umhirðu utanhúss, runna- og trjáklippingar ásamt snjómokstri og Sólrún Víkingsdóttir fyrir að leiða ættarmótsnefndina.

Skýrsla samþykkt samhljóða

2. Tekjur samtals 1.899.206 þar er stærstur hluti félagsgjöld og húsaleiga.

Gjöld 759.563, staða bankareiknings um síðastliðin áramót 1.684.874

Hlynur spyr um laun til iðnaðarmanna.

Samþykkt samhljóða.

3. Stjórn leggur til óbreytt félagsgjöld sem eru: 10.400 fyrir 40 ára og eldri, 8.800 fyrir 25-40 ára, fram að 25 ára er ekkert greitt. Einnig leggur stjórn til óbreytt leigugjöld. Leiga fyrir húsið er 49.600 fyrir viku að sumarlagi, 38.400 aðra mánuði. Helgarleiga er 18.800 og stakir dagar 10.400 en tvennt síðasttalið er aðeins í boði utan sumarmánaða.

Einhverjar raddir voru uppi um að leigan væri lág en tillagan samþykkt samhljóða.

4. Ívar Ásgeirsson og Helgi Ómar Bragason kosnir einróma.

5. Engar tillögur þar að lútandi komið fram.

6. Æskilegt er að ganga frá þakrennu á norðurhlið og tveimur niðurföllum þar.

Endurnýja þarf gler í öllum gluggum, því komin er nokkuð mikil móða á milli glerja. Björn Sveinsson telur kosnað vera 1,5-2 milljónir. Þarf að huga að fjármögnun þess innan tíðar, því

árgjöld og húsaleiga duga skammt upp í þennan kostnað. Stungið upp á hóp fjármögnun eins og gert hefur verið áður með góðum árangri.

7.Nína Helgadóttir stingur upp á að klappað sé fyrir vinnuhelgarfólki og þeim sem unnið hafa í framkvæmdum, gert samhljóða. Gísli Skógar stingur upp á að klappað sé fyrir Hermanni fyrir vel unnið störf sem formaður og Gísli Sigurgeirs að klappað sé fyrir nýjum hleðslum við húsið. Hvorttveggja fær dynjandi lófatak. Baldur minnir á að mótið sé haldið í dag vegna þess að hann á afmæli í dag og er klappað fyrir því.

Hermann slítur fundi kl. 11.33

Fundargerð ritaði Ragnhildur Rós Indriðadóttir